



Fundargerð

167. fundur íþróttá- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar haldinn á bæjarskrifstofu
Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12 24. janúar 2023, kl. 16:00

Viðstaddir: Friðþjófur Helgi Karlsson formaður, Hjörðís Baldursdóttir, Davíð Már Gunnarsson, Marta Sigurðardóttir, Magnús Einþór Áskelsson.

Að auki sátu fundinn Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs, Rúnar Vífill Arnarson formaður íþróttabandalags Reykjanesbæjar og Hafþór Barði Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

Hermann Borgar Jakobsson áheyrnarfulltrúi ungmannaráðs.

Birgir Már Bragason boðaði forföll, Davíð Már Gunnarsson sat fyrir hann.

Sindri Kristinn Ólafsson boðaði forföll, Magnús Einþór Áskelsson sat fyrir hann.

- Samningur við ÍRB um þátttöku í þjálfarakostnaði 2023 (2023010035)**
Samningurinn lagður fram og samþykktur.
- Samningar við knattspyrnudeildir um rekstur knattspyrnusvæða 2023 (2023010037)**
Samningar við knattspyrnudeildir um rekstur knattspyrnusvæða 2023 lagðir fram og samþykktir.

Íþróttá- og tómstundaráð hefur verið upplýst um að forsvarsfólk knattspyrnudeilda leggur áherslu á að samningarnir verði hækkaðir og fylgi verðlagsþróun, ráðið bindur vonir við að samningarnir verði hækkaðir í mars eftir að störfum rekstrarnefndar er lokið.

- Hvatagreiðslur 2023 (2023010038)**

Íþróttá- og tómstundaráð minnir á hvatagreiðslur og mikilvægi þess að foreldrar nýti þær enda forvarnargildi íþróttá- og tómstunda mikið. Að auki minnir ráðið á að frá 1. janúar sl. eru hvatagreiðslur í boði fyrir börn sem verða 4 og 5 ára á almanaksárinu. Myndbönd um hvernig nýta megi greiðslurnar eru hér að neðan á íslensku, ensku og pólsku.



<https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/augl23vf.jpg>

<https://www.youtube.com/watch?v=5Xci3ZFYih0>

<https://www.youtube.com/watch?v=vBft-g6py-s>

<https://www.youtube.com/watch?v=jsovnDuAkW4>

4. Uppgjör hvatagreiðslur 2022 (2021120234)

Íþróttá- og tómstundafulltrúi fór yfir nýtingu á hvatagreiðslum í Reykjaneshbæ fyrir árið 2022. Alls nýttu 2016 barn sér hvatagreiðslurnar sem er 58,1 % af heildarfjölda barna 6 – 18 ára í Reykjaneshbæ. Nýtingin hefur aukist um 7,2 % frá 2019. Bæjaryfirvöld ákváðu fyrir skemmmstu að bæta við hvatagreiðslum fyrir 4 – 5 ára börn sem tók gildi 1. janúar sl.

Töluverð aukning hefur orðið á nýtingu erlendra barna á hvatagreiðslunum en 9,79% nýttu sér þær árið 2017 samanborið við 28,4 % árið 2022. Við erum á réttri leið en betur má ef duga skal.

Saman skulum við hvetja alla til að stunda íþróttir og tómstundir í skipulögðu starfi og hvetja foreldra til að nýta hvatagreiðslur sveitarfélagsins. Óumdeilt er að gildi forvarna er mikið þegar litið er til þátttöku barna í kröftugu íþróttá- og tómstundastarfi í Reykjaneshbæ.

Allar spurningar og aðstoð vegna hvatagreiðslna er veitt á netfanginu
hvatagreidslur@reykjanesbaer.is

5. Viðhaldsskýrslur knattspyrnudeilda vegna sumarsins 2022 (2022090476)

Viðhaldsskýrslur lagðar fram og samþykktar.

Íþróttá- og tómstundaráð þakkar fyrir vel unnar skýrslur og vill koma á framfæri kærum þökkum til vallarstjóra félaganna fyrir vel unnin störf.

6. Drög að markaðsstefnu Reykjaneshbæjar (202110284)

Tölvupóstur dags. 28.12.22 frá Skjaladeild Reykjaneshbæjar fyrir hönd Menningar- og atvinnuráðs þar sem óskað er eftir umsögn um drög að markaðsstefnu Reykjaneshbæjar 2023-2028.

Eftirfarandi var lagt fram: Íþróttá- og tómstundaráð fagnar framkomnum drögum að markaðsstefnu og telur hana góðan grunn til að byggja á í markaðsetningu bæjarins á hinum ýmsu sviðum í framtíðinni. Þó telur ráðið að lykilstoðir eins og íþróttá- og tómstundamál sveitarfélagsins njóti ekki nægilegrar áherslu í stefnunni.

Samþykkt samhljóða.



7. Úthlutun úr íþróttá- og afrekssjóði 2022

Íþróttá- og tómstundafulltrúi kynnti fyrir ráðinu úthlutun úr afreks- og íþróttasjóði Reykjaneshæjar fyrir árið 2022. Alls voru 73 úthlutanir til einstaklinga sem stunda íþróttir í Reykjaneshæ. Flestir voru styrkirnir fyrir þau sem kepptu fyrir hönd Danskomanís.

8. Erindi frá Fimleikadeild Keflavíkur (2021100305)

Fimleikadeild Keflavíkur vill koma á framfæri að deildin nýtur ekki þjálfarastyrks fyrir stóran iðkendahóp hjá deildinni sem eru á aldrinum 2 – 6 ára. Að auki vill Fimleikadeildin koma á framfæri að núverandi aðstaða er ekki nógu góð fyrir starfsemi deildarinnar og skorar á bæjaryfirvöld að bregðast við hið fyrsta.

Íþróttá- og tómstundaráð tekur undir áhyggjur deildarinnar og minnir á bókun ráðsins frá 166. fundi ráðsins en þar segir „*Íþróttá- og tómstundaráð er sammála um að auka þurfi fjármagn til málaflokkssins til að geta staðið undir metnaðarfullu íþróttá- og tómstundastarfi í Reykjaneshæ og borið okkur saman við sambærileg sveitarfélög.*“

Erindinu vísað annarsvegar til mannvirkjanefndar sem og til rekstrarnefndar sem ljúka eiga störfum í mars.

9. Erindi frá Hestamannafélaginu Mána (2023010525)

Hestamannafélagið Máni óskar eftir viðræðum við Reykjaneshæ um kostnaðarþáttöku við rekstur reiðhallarinnar við Mánagrund.

Erindinu vísað til rekstrarnefndar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00